

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA 2020

Covid setti mark sitt á starf langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA á árinu. Vegna samkomutakmarkana þurfti að skipuleggja æfingar með öðrum hætti og minna var um keppnishlaup en venjulega. Engu að síður var mikil gróska í starfi deildarinnar á árinu og voru virkir iðkendur yfir eitthundrað. Þær vikur sem ekki var hægt að halda úti hefðbundnum æfingum fylgdu hlauparar prógrammi þjálfara og hlupu ýmist einir eða í litlum hópum. Rannveig Oddsdóttir var líkt og undanfarin ár aðalþjálfari hópsins en auk hennar komu Gunnar Atli Fríðuson, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson að hlaupaþjálfun.

Eyrarskokkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum sem haldnir voru á árinu. Þeir fjölmenntu líka ásamt öðrum öldungum UFA á MÍ öldunga innanhúss í febrúar og sigruðu stigakeppni félaga annað árið í röð.

Líkt og undanfarin ár tók góður hópur hlaupara úr UFA Eyrarskokki þátt í Laugavegshlaupinu sem haldið var 18. júlí. Margir persónulegir sigrar voru unnir, þeir sem höfðu hlaupið áður náðu flestir bætingum og Eyrarskokkarar röðuðu sér í verðlaunasæti í bæði heildarkeppninni og aldursflokki. Rannveig Oddsdóttir sló brautarmet kvenna þegar hún hljóp á 5:00:29 og Anna Berglind Pálmadóttir náði fjórða besta tíma kvenna frá upphafi 5:05:53 -og öðrum besta tíma íslenskra kvenna. UFA Eyrarskokkarar eiga þar með brautarmet Laugavegshlaupsins í bæði karla- og kvennaflokki því Þorbergur Ingi Jónsson á brautamet karla. Þorbergur Ingi náði hins vegar ekki að ljúka keppni í hlaupinu að þessu sinni vegna meiðsla. Rannveig og Anna Berglind tóku jafnframt fyrsta og annað sæti í aldursflokki 40-49 ára kvenna, Ingólfur Björn Gíslason var fyrstur karla í aldursflokki 50-59 ára á tímanum 5:11:16 og Sigríður Björg Einarsdóttir var önnur í aldursflokki 50-59 ára kvenna á 6:09:39. Þá bar UFA Eyrarskokk sigur úr bitum í sveitakeppni kvenna með kvennasveitinni UFA-fjallaskvísur sem skipuð var Rannveigu, Önnu Berglindi, Sigríði og Evu Birgisdóttur.

Anna Berglind Pálmadóttir og Sigbóra Brynja Kristjánsdóttir héldu áfram að gera það gott í götuhlaupum og skipa sér á bekk með sterkustu hlaupakönnum landsins í helstu vegalengdum götuhlaupa. Báðar náðu þær bætingum í hálfmaraþoni, Anna Berglind hljóp á 1:22:44 í Haag og Sigbóra á 1:22:40 í Akureyrarhlaupinu. Sigbóra bætti sig einnig í 10 km hlaupi og hljóp á 37:39 í Adidas boost hlaupinu og jafnaði besta tímann sinn í 5 km hlaupi þegar hún hljóp á 18:52 í Hausthlaupi UFA. Báðar ætluðu þær að hlaupa maraþon á árinu en af því varð ekki vegna covid.

Vegna þeirra samkomutakmarkana sem voru í gildi mestallt árið varð minna um samkomur og fræðsluerindi en áður. Það náðist þó að halda árshátíð í byrjun mars rétt áður en faraldurinn skall á og í ágúst gerðum við góða ferð austur í Jökulsárgljúfur og hlupum frá Dettifossi í Ásbyrgi. Þá heimsótti Arnar Pétursson hópinn í júlí og leiðbeindi um hlaupastíl og Guðrún Arngrímsdóttir bauð hópnum upp á teygju- og liðleikaæfingar í tvö skipti í haust.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður

Sara Dögg Pétursdóttir, meðstjórnandi

Anna Berglind Pálmadóttir, meðstjórnandi

Anton Örn Brynjarsson, meðstjórnandi

Hlaup á vegum UFA 2020

Hlaupahald er eitt af verkefnum langhlaupa- og þríþrautardeildarinnar. Frá stofnun hennar hafa félagsmenn komið að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og bætt nýjum hlaupaviðburðum inn í þá flóru sem fyrir var. Árið 2020 stóð UFA fyrir eftirtöldum hlaupum:

Vetrarhlaup

Vetrarhlaupin hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar frá stofnun hennar 2003. Hlaupin eru haldin mánaðarlega frá október og fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Undanfarin ár hafa verið hlaupnar mismunandi leiðir 6-10 km langar og hefur ekki verið tímataka í hlaupunum heldur ræður röð manna í mark úrslitum í stigakeppninni. Covid setti sitt mark á framkvæmd hlaupanna þetta árið. Síðusta hlaupi vetrarins 2019-2020 var aflýst vegna fjöldatakmarkana og þau hlaup sem haldin voru að hausti voru útfærð þannig að gefin var út hlaupaleið sem hlauparar höfðu þrjá sólarhringa til að hlaupa. Útbúið var „segment“ í hreyfiappinu Strava og röð hlaupara þar í gegn notuð til að raða efstu hlaupurum í sæti. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir hjá hlaupurum og var þátttaka svipuð og í síðustu hlaupunum fyrir covid, 70-80 manns í hverju hlaupi.

1. maí hlaup

Vegna fjöldatakmarkana þurfti að aflýsa 1. maí hlaupinu þetta árið.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa

Um 150 manns tóku þátt í Akureyrarhlaupi Íslenskra Verðbréfa sem fram fór 2. júlí. Keppt var í þremur vegalengdum, 5 km, 10 km og hálfmaraþoni. 10 km hlaupið var jafnframt Íslandsmeistaramót í greininni og voru það Sigurður Örn Ragnarsson og Guðlaug Edda Hannesdóttir sem komu fyrst karla og kvenna í mark og eru því Íslandsmeistarar 2020. Guðlaug Edda Hannesdóttir bætti brautarmet Arndísar Ýrar frá 2012 um tvær mínútur, en hún lauk hlaupinu á 34:57. Það er hennar besti tími í 10 km hlaupi og annar besti tími íslenskrar konu í þeirri vegalengd. Sigurður Örn hljóp einnig á sínum besta 10 km tíma til þessa 32:43. Fleiri sterkir hlauparar voru mættir til leiks og brautarmetið í 5 km hlaupi féll líka þegar Arnar Pétursson hljóp á 15:01 sem var mínútubæting á brautarmeti Sæmundar Ólafssonar frá 2015 og líkt og tími Guðlaugar Eddu er þetta annar besti tími Íslendinga í þessari vegalengd. Fyrst kvenna í 5 km hlaupi var svo Anna Berglind Pálmadóttir úr UFA en hún hljóp á 19:00. Í hálfu maraþoni sigraði Snorri Einarsson í karlaflokki á 1:14:00 og fyrst kvenna var Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir úr UFA á 1:22:40 sem er hennar besti tími í hálfmaraþoni.

Súlur Vertical

Mikill metnaður var lagður í undirbúning hlaupsins þetta árið. Nýrri vegalengd var bætt við þær tvær sem fyrir voru, 55 km leið þar sem hlaupið er upp á Súlur, inn í Lamba, niður Glerárdal og síðan upp Hlíðarfjallið og þaðan niður í miðbæ. Hlaupið fékk góðan styrk Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra sem var notaður til að kosta merkingar á hlaupaleið og markaðssetningu hlaupsins. Góð skráning var í hlaupið og mikil stemning fyrir viðburðinum í bænum, en síðan þurfti að aflýsa hlaupinu á síðustu stundu vegna hertra sóttvarnareglna út af covid.

Hausthlaup UFA

Hausthlaup UFA var haldið 30. september og keppt í 5 og 10 km. Þátttakendur voru 61.

Gamlárshlaup UFA

Enn þurfti að breyta út af vananum vegna samkomutakmarkana. Fólk var hvatt til að hlaup sitt eigið gamlárshlaup og þeir sem lögðu inn á reikning UFA tóku þátt í happdrætti þar sem dregin voru út verðlaun frá fyrirtækjum í bænum.